




Aðrar greinar en ferðaþjónusta sleppa nokkuð vel frá kreppunni

Launasumman, staðgreiðsluskyld laun allra á vinnumarkaði, hækkaði um 5,8% milli fjögurra fyrstu mánaða 2020 og 2021. Launavísitalan hækkaði um 9,7% á sama tíma þannig að heildarlaunatekjur landsmanna hækkuðu minna en föst mánaðarlaun. Vísitala neysluverðs hækkaði um 4,3% á þessum tíma þannig að launasumman hefur hækkað um u.þ.b. 1,4% að raungildi. Eins og gildir jafnan um heildartölur og meðaltöl er mjög mismunandi þróun á bak við þessa tölur.

Sé litið á þróun launasummunnar innan sex atvinnugreina á milli fyrstu fjögurra mánaða 2020 og 2021 kemur alls ekki á óvart að ferðaþjónustan hefur mjög mikla sérstöðu. Launasumman í einkennandi greinum ferðaþjónustu lækkaði um tæp 38% á milli ára. Á hinum endanum eru sjávarútvegur (veiðar og vinnsla saman) og opinber stjórnsýsla (með fræðslustarfsemi, heilbrigðis- og félagsþjónustu) með 15% og 13% aukningu launasummu milli ára sé miðað við fyrstu fjóra mánuðina. Fyrir utan ferðaþjónustuna lækkar launasumman einungis í fjármála- og váttryggingarstarfsemi.




Heimild: Hagstofa Íslands, Hagfræðideild Landsbankans

Þróun yfir lengri tíma

Sé litið á þróun launasummunnar yfir lengri tíma á verðlagi hvers árs sést ris og fall ferðaþjónustunnar greinilega. Sé miðað við árið 2015 héldust ferðaþjónustan og byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð í hendur fram til ársins 2018. Eftir það dró úr vexti ferðaþjónustunnar á árinu 2019 og svo kom mikið fall bæði 2020 og 2021 sé litið á fjóra fyrstu mánuði hvers árs. Byggingarstarfsemin jókst hins vegar fram til 2019 og hefur haldið stöðu sinni nokkuð síðan þá. Þetta er mikil breyting frá síðustu kreppu þegar byggingarstarfsemin hrundi nær algerlega.

Opinber þjónusta og byggingarstarfsemi skera sig nokkuð úr meðal þessara þriggja greina hvað aukningu launasummunnar varðar. Stóra myndin er hins vegar sú hvernig þróunin í ferðaþjónustunni sker sig algerlega frá hinum greinum.



Heimild: Hagstofa Íslands, Hagfræðideild Landsbankans



Fjöldi sem fær staðgreiðsluskyld laun

Launafólki sem fékk staðgreiðsluskyldar greiðslur fyrstu fjóra mánuði 2021 fækkaði um 5,6% frá sama tíma 2020. Launasumman hækkaði um 5,8% á nafnverði á sama tíma. Það gæti bent til þess að tekjulægra fólk hafi í meira mæli horfið af vinnumarkaði en það sem hafði hærri tekjur.

Hér er sérstaða ferðabjónustunnar enn meiri en var varðandi launagreiðslurnar. Í ferðabjónustunni hefur þeim sem fá staðgreiðsluskyldar greiðslur fækkað um tæp 42%, á meðan fækkunin í öðrum greinum er innan við 2%. Af þessum greinum er það einungis í opinberri stjórnsýslu og sjávarútvegi sem launafólki fjölgar.


Horft yfir lengri tíma er þróunin varðandi fjölda starfsfólks svipuð og var með launagreiðslurnar. Ferðabjónusta og byggingastarfsemi haldast nokkurn veginn að fram til 2018 og þá skilur á milli. Töluverð fækkun var í byggingarstarfsemi milli 2019 og 2020, en staðan var svipuð 2020 og 2021.

Opinbera stjórnsýslan er eina greinin þar sem nokkuð stöðug fjölgun hefur verið á starfsfólki allt tímabilið. Í fjármála- og váttryggingarstarfsemi og í sjávarútvegi hefur hins vegar verið nær stöðug fækkun allt tímabilið.

Mikill munur milli greina


Ef til vill sýna þessar tölur að hagræðing sé einna mest í sjávarútvegi og fjármála- og váttryggingastarfsemi. Opinber stjórnsýsla hefur vaxið mest á tímabilinu og saga ferðabjónustunnar er nokkuð ljós með risi og falli og segja má að áhrif kreppunnar á aðrar greinar sé lítil miðað við þá grein. Heild- og smásala hefur siglt nokkuð lygnan sjó.

Breyting fjölda launafólks milli fyrstu fjögurra mánaða 2020 og 2021



Heimild: Hagstofa Íslands, Hagfræðideild Landsbankans

Fjöldi launafólks fyrstu 4 mánuði ársins



Heimild: Hagstofa Íslands, Hagfræðideild Landsbankans

Innihald og form skjals þessa er unnið af starfsmönnum Hagfræðideildar Landsbankans hf. (hagfraedideild@landsbankinn.is) og byggist á aðgengilegum opinberum upplýsingum á þeim tíma sem greiningin var unnin. Mat á þeim upplýsingum endurspeglar skoðanir starfsmanna Hagfræðideildar Landsbankans á þeim degi þegar greiningin er dagsett, en þær geta breyst án fyrirvara.

Landsbankinn hf. og starfsfólk hans taka ekki ábyrgð á viðskiptum sem byggð eru á þeim upplýsingum og skoðunum sem hér eru settar fram, enda eru þær ekki veittar sem persónuleg ráðgjöf fyrir einstök viðskipti.

Bent skal á að Landsbankinn hf. getur á hverjum tíma haft beinna eða óbeinna hagsmuna að gæta, ýmist sjálfur, dótturfélög hans eða fyrir hönd viðskiptamanna, s.s. sem fjárfestir, lánardrottinn eða þjónustuaðili. Greiningar eru engu að síður unnar sjálfstætt af Hagfræðideild Landsbankans og innan Landsbankans eru í gildi reglur um aðskilnað starfssviða sem eru aðgengilegar á vef bankans.